

strengir, í togaranum „Beverlac“ H. 72 séu upptæk, og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1938.

Nr. 112/1937. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

James Mann

(Lárus Fjeldsted).

Togaraskipstjóri dæmdur fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagður fram sjóuppdráttur, sem forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík hefir markað á staði varðskipsins „Ægir“ kl. 14.01 og 14.10 þann 31. júlí 1937, samkvæmt hornmælingum, gerðum þá á varðskipinu, og miðunarlínur þaðan til togarans L.O. 162 Northern Sky, og enn fremur tökustað togarans kl. 14.26 og staði varðskipsins kl. 14.58 og 15.59 nefndan dag. Eru niðurstöður forstöðumannsins í samræmi við niðurstöðu varðskipsforingjans um staði skipsins á þessum tímum. Með þeirri athugasemd, að kærði hefir kannast við að hafa fjarlægzt land um $\frac{1}{4}$ til $\frac{1}{2}$ sjómílu á þeim 15 mínútum, sem hann var að kasta vörpu og toga, áður en varðskipið kom að togaranum, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að sektin ákveðst með hliðsjón af því, að núverandi gull-

gildi islenzkrar krónu er 47.56, kr. 21100.00, og að greiðslufrestur hennar ákveðst 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að sektin ákveðst 21100 krónur og greiðslufrestur hennar 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, James Mann, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðarkaupstaðar 2. ágúst 1937.

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað fyrir lögreglurétti Ísafjarðar gegn skipstjóranum á botnvörpunum Northern Sky L.O. 162 frá London, James Mann, til heimilis í Allenbyroad 696 í Hull, fyrir brot gegn lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Laugardaginn 31. júlí s. l. var varðskipið Ægir á leið frá Kögri að Horni. Kl. 13.58 sást af varðskipinu togari framundan, er skipverjar töldu, eftir fjarlægðinni að dæma, vera

inni á landhelgisvæðinu, og hélt varðskipið þá með fullri ferð í áttina til togarans.

Kl. 14.01 var á varðskipinu gerð þessi staðarákvörðun:
Togarinn

> 22° 28'

Norðurkantur Horns

> 47° 03'

Vesturkantur Hælavíkurbjargs

> 87° 03'

Vesturkantur Kögurs

Telur skipstjóri varðskipsins, að ef gert sé ráð fyrir, að togarinn hafi þá verið beint inn af stað þeim, er hann síðar var stöðvaður á, hafi hann við staðarákvörðun þessa átt að vera um 0.8 sjómilur innan landhelgilinnar.

Kl. 14.09 var af varðskipinu gefið stöðvunarmerki með flöggum.

Kl. 14.10 var á varðskipinu gerð þessi staðarákvörðun:
Togarinn

> 33° 02'

Norðurkantur Horns

> 70° 28'

Vesturkantur Hælavíkurbjargs

> 57° 40'

Vesturkantur Kögurs

Telur skipstjóri varðskipsins, að með sömu forsendu og að framan greinir, hafi togarinn átt að vera um hálfa sjómilu innan landhelgilinnar, er þessi staðarákvörðun var gerð.

Kl. 14.11 var af varðskipinu gefið stöðvunarmerki með flautu, og kl. 14.12 og 14.13 skotið lausum skotum. Kl. 14.14 til 14.18 var af varðskipinu skotið fimm sinnum með kúlu framan við togarann. Frá því til togarans sást af varðskipinu þar til kl. 14.20 kveður skipstjóri varðskipsins togarann hafa haft stefnu og ferð út frá landi. En kl. 14.20 sneri togarinn til stjórnborða án þess að gefa merki um að hafa numið staðar, og sáust þá frá varðskipinu vörpuvívar togarans út frá stjórnborðshlið hans.

Kl. 14.26 kom varðskipið að togaranum, og var um leið á varðskipinu gerð þessi staðarákvörðun utan til við togarann:

Mið-athugaði punkturinn á Geirólfsgnúp

> 32° 08'

Kálfatindur

> 61° 00'

Vesturkantur Hælavíkurbjargs

Dýpi mælt 66 metrar.

Skv. útsetningu skipstjóra og stýrimanns varðskipsins á sjókort verður staður togarans, er mæling þessi var gerð, 0.2 sjómilur innan landhelgilínunnar. Bæði þessi staðarákvörðun og aðrar framangreindar staðarákvarðanir hafa skipstjóri og fyrsti stýrimaður varðskipsins staðfest sem vitni.

Er varðskipið hafði staðnæmzt hjá togaranum, sem reyndist vera Northern Sky L.O. 162, var bátur sendur frá varðskipinu eftir skipstjóra togarans, og kom hann yfir í varðskipið. Neitaði hann, er honum voru sýndar staðarákvarðanir varðskipsins, að þær gætu verið réttar, kveðst hafa kastað vörpu c. 15 mínútum áður en varðskipið kom að togaranum, og hafi togarinn þá verið þrjár og hálfu mílu frá landi. Fékk skipstjórinn síðan leyfi varðskipsins til að sigla upp undir land með vegmæli úti, og sigldi togarinn upp undir Horn vestan við rífið vestur af Horni. Kveðst hann, er hann kom aftur um borð í varðskipið, ekki telja vegmælinn áreiðanlegan, en haldi leiðina, er hann sigldi til lands, vera 3.6 sjómilur eftir snúningshraða vélarinnar að dæma, án þess að tillit sé tekið til straums. Var síðan farið með togarann til Ísafjarðar og komið þangað milli kl. 20 og 21 sama dag.

Kærður, James Mann, hefir skýrt svo frá, að hann hafi kl. 2 árdegis 31. júlí s. l. byrjað að fiska út frá dufli, er annar togari hafi sett niður, og verið hafi 4 sjómilur undan Horni, en dufl þetta hafi verið tekið upp um kl. 11 sama dag. Hann kveðst ekki hafa orðið var annarra stöðvunarmerkja frá varðskipinu en tveggja skota, og kveðst þá strax hafa byrjað að draga inn vörpu togarans, og hafi það verið ca. 5—10 mínútum áður en varðskipið kom að togaranum. C. 15 mínútum áður en hann byrjaði að draga inn vörpuna, kveðst hann hafa sett hana út síðast. Hafi skipið þá haft stefnu í V. t. N., en snúizt hægt til stjórnborða, meðan virarnir voru gefnir út, unz hann hafi snúið því til bakborða

til að fá virana í blokkina, sem gert hafi verið c. 5 mínútum eftir að kastað var. Eftir það kveðst hann hafa siglt skipinu í N $\frac{1}{2}$ A þar til það var stöðvað.

Af fyrrnefndum ca. 15 mínútum segir kærður, að c. 8—10 m. hafi farið í að gefa út vörpuna, unz hún náði botni, og hafi skipið á meðan siglt með c. $4\frac{1}{2}$ sjómílna hraða á klukkustund. Hinn hluta nefnds tíma, eða 5—7 mínútur, hafi skipið dregið vörpuna með botni, og þá siglt með c. $2\frac{1}{2}$ sjómílna hraða á klukkustund.

Kærður hélt því fram í fyrstu við rannsókn málsins, að togarinn hafi verið utan landhelgi bæði er vörpunni var síðast kastað og er varðskipið stöðvaði togarann, og að hann hefði því ekki fiskað innan landhelgi. Við nánari athugun viðurkenndi kærður, að varðskipið hefði stöðvað togarann um það bil við landhelgilínuna, og að hann hafi því verið lítið eitt innan við landhelgilínuna, er vörpunni var síðast kastað.

Einnig hefir kærður viðurkennt, að framangreindar mælingar og staðarákvarðanir varðskipsins muni vera um það bil réttar.

Skv. framanskráðu hefir kærður gerzt brotlegur gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans, sem eigi hefir áður gerzt sekur um brot gegn íslenzku fiskiveiðalöggjöfinni, hæfilega ákveðin kr. 20500.00 skv. 3. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 4 frá 1924, með tilliti til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 49.67. Sektin renni í landhelgisjóð Íslands og afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum Northern Sky L.O. 162 skulu upptæk og andvirði þeirra renna í landhelgisjóð Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, James Mann, sæti 20500.00 kr. sekt til landhelgisjóðs Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, sem eru í togaranum Northern

Sky L.O. 162, þar með taldir dragstrengir, skulu upp-
tæk og andvirði þeirra renna í landhelgisjóð Íslands.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að
lögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1938.

Nr. 5/1938. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæj-
arsjóðs** (Garðar Þorsteinsson)
gegn

Guðbjörgu Oktavíu Sigurðardóttur
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Dæmt um skyldu dvalarsveitar giftrar konu til að
greiða meðlag með óskilgetnu barni hennar.

Dómur hæstaréttar.

Lyktir máls þessa varða bæjarsjóð Reykjavíkur
lagalega, með því að barnsfaðir sá, Erlendur Er-
lendsson, er í málinu getur, á þar framfærslusveit,
sbr. 58. gr. framfærslulaga nr. 135 frá 1935. Hefir
borgarstjórinn í Reykjavík þess vegna skotið málinu
hingað til dómsins með stefnu 10. janúar þ. á. og
krafizt þess, að stefndur í héraði, bæjarstjórinn í
Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, verði í málinu
algerlega sýknaður af kröfum stefndu og að hún
verði dæmd til að greiða áfrýjanda málskostnað hér
fyrir dómi eftir mati hæstaréttar. Stefnda hefir hins-
vegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði
staðfestur að því er tekur til greiðslu fúlgu úr bæj-
arsjóði Vestmannaeyja með barninu Hjörleifi Má
Erlendssyni um tímabilið frá 13. apríl 1937 til 13.
október s. á., að málskostnaðarákvæði héraðsdóms-
ins verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til